



## Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2016

Árfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna 2016, haldinn þriðjudaginn 15. mars 2016 í Gullteigi á Grand Hótel Reykjavík, fundurinn hófst eins og boðað var kl 18:00

Ásta Rut Jónasdóttir, formaður stjórnar sjóðsins, setti ársfundinn bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Ólaf Gústafsson hrl. sem fundarstjóra og var hún einróma samþykkt. Fundarstjóri lagði til að Gerður Björk Guðjónsdóttir, mannauðsstjóri hjá lífeyrissjóðnum, yrði fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem auglýstur var í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 13. febrúar og 15. mars. Upplýsingar um fundinn komu jafnframt fram í starfsemisauglýsingu sjóðsins í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu 20. febrúar. Einnig var sett tilkynning á vef sjóðsins. Lýsti hann því fundinn lögmætan. Því næst var gengið til dagskrár.

### 1. Skýrsla stjórnar

Ásta Rut Jónasdóttir formaður flutti skýrslu stjórnar. Skýrsla formanns er í fylgiriti með fundargerðinni.

### 2. Greinargerð framkvæmdastjóra

Guðmundur Þ. Þórhallsson, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2015, tryggingarfræðilegri athugun, fjárfestingastefnu og fjárhagsáætlun 2016, ásamt því sem hann gerði grein fyrir skipan stjórnar sjóðsins og ákvörðun um laun til stjórnar. Yfirferð framkvæmdastjóra er í kynningarglærum með fundargerðinni.

### Umræða um ársreikning sjóðsins

**Stefanía Magnúsdóttir** tók til máls og óskaði starfsmönnum og stjórn til hamingju með frábæran árangur. Sagði reynslu Ástu ekki metna þar sem hún naut ekki trausts stjórnar VR til áframhaldandi stjórnarsetu í stjórn og spyr: Hvers vegna eru allir stjórnarmenn kjörnir af VR settir út?

**Víglundur Þorsteinsson** tók undir árnaðaróskir Stefaníu. Sagði stjórn sjóðsins sýna og þurfa að sýna áræðni, íhaldssemi og fyrirhyggju. Sagði nauðsyn á að standa vörð um sjóðinn þar sem margir vilja komast í fjármuni hans. Lagði áherslu á að einstaklingar í



atvinnulífinu og stjórnámálamenn vilja komast til valda í sjóðnum, við megum aldrei hleypa stjórnámálamönnum í stjórn sjóðsins.

**Anna G. Sverrisdóttir** sat fyrir hönd atvinnurekanda í stjórn sjóðsins á síðasta tímabili, sagðist vera ánægð með að hafa fengið að taka þátt í því starfi. Þetta hafi verið lærdómsrík reynsla, allt í kringum lífeyrissjóðakerfið finnst henni vel unnið og mikil fagmennska. Hún er öruggari með kerfið en hún bjóst við. Sagði Ástu hafa stýrt stjórninni vel, stjórn og starfsmenn vinni sitt starf með sóma. Góður árangur, þakkar stjórn og starfsfólki fyrir gott samstarf.

**Jafet Ólafsson** sagði að 10,2% raunávöxtun á fjármálamarkaði væri mjög góður árangur, óskaði stjórn og starfsmönnum til hamingju með það. Sagði sjóðinn hafa rutt brautina að nýju eftir hrun, stjórnendur hafi haft þor til að fara inn í félög að nýju, segir það þurfi kjark til að vera fyrstur. Spyr að lokum af hverju skipt hafi verið út stjórnarformanni sem skilað hefur svo góðu búi.

**Helgi Magnússon** varaformaður sjóðsins kvaddi sér hljóðs og fór yfir farin veg og framtíðarhorfur. Hann þakkaði gott samstarf sl. 9 ár, þar sem hann fer úr stjórn sjóðsins núna. Talaði um góðan árangur á hinum lokaða íslenska fjármálamarkaði þrátt fyrir gjaldeyrishöft, sem vel að merkja hafi verið sett á tímabundið haustið 2008. Raunávöxtun sl. 20 ár 4,9% að meðtölu því tjóni sem varð í hruni. Hækkun lífeyrisaldurs næstu árin blasir við og er eitt mest krefjandi viðfangsefni lífeyrissjóðanna að fást við. Lífeyrissjóður verzlunarmanna er tiltölulega vel undir það búinn vegna hinnar góðu afkomu undanfarin ár. Ef ekki væru gjaldeyrishöft væri líklega stærri hluti eignasafnsins ávaxtaður erlendis. Gott væri að 40% þess væru á erlendum markaði. Stjórn sjóðsins þarf að halda áfram á þeirri braut að hafa trú á íslensku atvinnulífi, við höfum haft trú á íslensku fyrirtækjunum og það hefur reynst sjóðnum vel. Meira þarf að fjárfesta hér innanlands á næstu árum, ekki síst í innviðum samfélagsins eins og samgöngum og á sviði orkumála.

Sagan sýnir, sagði Helgi, að fjárfesting í innlendum hlutabréfum hefur reynst afar vel, raunávöxtun hefur verið 10,7% á ári að meðaltali fá upphaf, í um 40 ár. Hann kvaðst hafa mikla trú á íslensku atvinnulífi og að LV muni hagnast á að halda áfram að hafa trú á því.

Nýir stjórnarmenn munu heyra ýmsar raddir um sjóðinn, sagði Helgi, mikilvægt sé að láta ekki truflast af þeim, heldur horfa fram á veginn. Ávallt að hafa vakandi auga með



stjórnámálamönnum. Muna að alls staðar þar sem eru peningar, þar sé líka óvild. Að gæta hagsmuna sjóðsins sé aðal verkefni stjórnarinnar.

Helgi ítrekaði síðan þakkir fyrir gott samstarf við stjórn, framkvæmdastjóra og starfsfólk.

**Stefán Einar Stefánsson** óskaði stjórn, starfsmönnum og sjóðfélögum til hamingju með árangurinn. Tekur undir það sem fyrr er sagt um þá reynslu sem við missum þegar þessi stjórn fer frá. Sagði reynslu stjórnarmanna af stjórnarsetu fara úr 4 árum að meðaltali í 6 mánuði með nýrri stjórn. Hvatti nýja stjórn og minnti á að eitt helsta hlutverk stjórnar sé ævinlega að veita framkvæmdastjóra og starfsfólki aðhald.

**Jóhann J. Ólafsson** spurði hvar væri að finna vettvang fyrir sjóðfélaga og ellilífeyrisþega til að ræða málefni sjóðsins? Hann vill að komið sé á betra sambandi við sjóðfélaga og gera þá þannig virkari, jafnvel að halda þurfi ráðstefnu einu sinni á ári. Honum finnast lífeyrissjóðirnir vera sjálfhverfir og tali mikið um tölur og menn þakki hver öðrum. Spyr um eignarhaldið á sjóðnum, hver fer með það og að lokum spyr hann af hverju ellilífeyrisþegar eigi að bera kostnað við örorkulífeyri sem nú sé orðinn 20% allra lífeyrisgreiðslna,.

**Ásta Rut** sagði nokkrar góðar hugmyndir komnar fram og eitthvað fyrir nýja stjórn að horfa til. Ennfremur sagði hún að samkvæmt samþykktum sjóðsins væri áhersla á að verja ellilífeyrir umfram örorkulífeyrir og velti upp spurningunni hvort það ætti að vera ríkisins eða lífeyrissjóðanna að takast á við þá aukna byrði sem örorkulífeyrir er.

**Víglundur** tók aftur til máls og sagði að á fyrstu áratugum í starfsemi sjóðsins hafi ekki mikið verið talað við sjóðfélaga, það og það t.d. ekki verið ársfundir. Sagði það eðlilegt að hér hrósuðu menn hver öðrum því ekki skömmum við þá sem mæta. Varðandi eignarhaldið á sjóðunum vísaði hann í þá kjarasamninga sem kerfið hvíli á sé samtrygging sem veitir veitir ævilangan lífeyrir og örorkulífeyrir, þetta sé ekki einstaklings sjóður og því sé ekki jafnskipt á milli sjóðfélaga, sumir lifa lengur, aðrir deyja ungir eða verða öryrkjar. Sagði lífeyrissjóðina vera að leysa TR af með tíð og tíma.

### 3. Erindi tryggingafræðings sjóðsins

**Vígfús Ásgeirsson** tryggingastærðfræðingur gerði grein fyrir hvað felst í tryggingafræðilegri athugun. Tryggingastærðfræðingur reiknar árlega hversu mikið fé lífeyrissjóður þarf að eiga til að geta greitt lífeyri eins og hann er skuldbundinn til. Útreikningurinn sýnir hvernig þessir fjármunir skiptast eftir árgöngum og lífeyristegundum. Fram til þessa hafa þessir útreikningar byggt á reynslu fortíðar á dánarlíkum.

Í árslok 2015 þarf sjóðurinn að eiga 488.576 mkr. til að geta greitt áunninn lífeyri þegar miðað er við lífslíkur fortíðar. Eignirnar eru 15,9% hærrí. Gera má ráð fyrir því að í næsta tryggingafræðilega uppgjöri verði reiknað með lífslíkum sem taka mið af spá um lengri meðalævi. Það á eftir að gefa út endanlegar nýjar töflur um dánarlíkur en það er ljóst samkvæmt bráðabirgðaútreikningum að skuldbindingar munu aukast. Þess vegna er ekki lagt til að lífeyrisgreiðslur verði hækkaðar núna. Góð staða auðveldar Lífeyrissjóði verzlunarmanna að takast á við auknar skuldbindingar vegna nýrra lífslíka. Það er hægt að nota umframeignir sjóðsins til að auka eignir sem ætlaðar eru fyrir hvern árgang hlutfallslega jafnt.

Ábending frá **Víglundi** til nýrrar stjórnar að hækka lífeyrisaldur fljótt.

### 4. Önnur mál

Þórður Sverrisson tók til máls og talaði um góðan árangur sjóðsins og að honum ber að fagna, sagði ekki einfalt að ná góðri ávöxtun í svona stórum sjóð og þakkar fráfarandi stjórn og stjórnendum fyrir sín störf.

Fleiri kvöddu sér ekki hljóðs og dagskráin því tæmd. Fundi slitið kl 20.

*Ólafur Guðlaugsson*  
*Gardur Ó Guðmundsson*

## Á 60. afmælisári kynnum við sjóðfélögum sérlega sterka stöðu sjóðsins

Ræða á ársfundi Lífeyrissjóðs verslunarmanna 15. mars 2016.

Ásta Rut Jónasdóttir stjórnarformaður

Ágætu sjóðfélagar.

Eins og endranær hefur tíminn frá síðasta ársfundi Lífeyrissjóðs verslunarmanna verið viðburðaríkur í málefnum sjóðsins. Sjóðurinn fagnaði 60 ára afmæli sínu fyrsta febrúar síðastliðinn en á 60 ára starfstíma sjóðsins hafa orðið miklar breytingar á samfélaginu og eðilega skipst á skin og skúrir í lífi þjóðarinnar. Þó er ljóst að í heild hefur þróunin verið afar jákvæð, hagar fólks hefur batnað hvort sem mælt er á efnahagslegan mælikvarða, félagslegan eða heilsufarslegan. Nú á 60 ára afmælisári Lífeyrissjóðs verslunarmanna kynnum við sjóðfélögum sérstaklega sterka stöðu sjóðsins til að standa undir skuldbindingum sínum.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins, sem er helsti mælikvarðinn á styrk hans og getu til að standa undir skuldbindingum sínum, var um áramót jákvæð sem nemur 8,7% samanborið við 5,1% árinu áður. Hrein raunávöxtun sjóðsins fyrir árið 2015 var 10,2% og fimm ára meðalraunávöxtun 7,3%. Allir eignaflokkar sjóðsins skiluðu jákvæðri raunávöxtun á síðasta ári.

Ávöxtun sjóðsins síðustu ár hefur verið góð og til upprifjunar þá var raunávöxtun árið 2014 8,7%, árið 2013 6,3% og árið 2012 var raunávöxtun 8,5%. Einnig hefur langtíma árangur verið góður af starfsemi sjóðsins eins og best sést af því að skoða meðaltals raunávöxtun undanfarin 20 ár en hún er 4,9% sem hlýtur að teljast vera ákaflega góður árangur. Til samanburðar þá var meðalraunávöxtun annarra samtryggingarsjóða að jafnaði um 4% undanfarna tvo áratugi og er árangur sjóðsins því nokkuð yfir meðaltali annarra samtryggingasjóða.

Við höfum orðið vör við ánægju meðal sjóðfélaga með þá góðu ávöxtun sem sjóðurinn náði á síðasta ári og þá sterku stöðu sem sjóðurinn býr að. Hrein

eign til greiðslu lífeyris var um síðastliðin áramót 584 milljarðar króna, 75 milljörðum hærrí en árið áður. Sjóðurinn hefur því hvorttveggja aukist að stærð og styrk undanfarin ár.

Í því ljósi að sjóðurinn hefur styrkst mjög og þar sem tryggingafræðileg staða hans er jákvæð um 8,7% er eðlilegt að spyrja hvort ekki sé rétt að auka við réttindi sjóðfélaga. Sjóðurinn er í stöðu til þess að auka réttindi en stjórn sjóðsins taldi óábyrgt að fara í slíkar breytingar núna. Fyrir liggur að við lífum lengur og betur og að nýjar spár um lífslíkur verða notaðar við tryggingafræðilegt uppgjör á næstunni. Sú sterka tryggingafræðileg staða sem sjóðurinn býr við mun gera hann betur í stakk búinn að takast á við hækkanði lífaldur. Tryggingafræðingur sjóðsins mun stikla á stóru varðandi þessar breytingar hér á eftir.

#### Góðir sjóðfélagar

Við vitum að í fjárfestingum felst áhætta og við vitum að það er eðli markaða að sveiflast, því er mikilvægt að lífeyrissjóðir nái góðum langtímaárangri. Ástæða er því til að fagna jafnt góðum árangri síðastliðinna ára ásamt langtíma árangri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Það hefur verið fjallað um það áður að raunávöxtun innlendrar hlutabréfaeignar sjóðsins frá því að sjóðurinn fór fyrst að fjárfesta í íslenskum hlutabréfum árið 1980 hefur verið afar góð. Á þessum þremur og hálfu áratug hefur gengið á með skini og skúrum þar sem íslenskt efnahagslíf hefur gengið í gegnum uppsveiflur og áföll og allt þar á milli. En niðurstöðurnar tala sínu máli og er reyndin sú að innlend hlutabréfafjárfesting sjóðsins hefur skilað 10,7% raunávöxtun að meðaltali á ári frá upphafi fjárfestinga í íslenskum hlutabréfum.

Mikilvægt er að minnast þessa aftur hér þar sem þessar niðurstöður sýna að þeir sem hafa mótað stefnu sjóðsins og stýrt honum í gegnum árin og áratugin hafa sýnt framsýni og fagmennsku. Eitt mikilvægasta hlutverk

nýrrar stjórnar verður að leita áfram arðsamra tækifæra til fjárfestinga í íslensku atvinnulífi til hagsbóta fyrir sjóðfélagana.

Þegar rætt er um fjárfestingar verður ekki hjá því komist að minnast á eitt mikilvægasta efnahagsmál samtímans sem varðar erlendar eignir sjóðsins og afnám gjaldeyrishafta. Gjaldyrishöftin hafa dregið úr möguleikum sjóðsins til fjárfestinga erlendis. Þegar mest lét var rétt um þriðjungur eignasafns Lífeyrissjóðs verzlunarmanna erlend verðbréf en við árslok 2015 voru erlend verðbréf um 26% af heildareignasafninu. Smá, en mikilvæg, skref voru tekin á síðasta ári til að lífeyrissjóðir landsins gætu fjárfest erlendis, samtals fyrir 10 milljarða króna, og nýtti Lífeyrissjóður verzlunarmanna sinn hluta þeirrar heimildar til fulls. Stjórnvöld hafa ákveðið að auka við þessa heimild á þessu ári og er það vel, enda nauðsynlegt lífeyrissjóðunum að auka áhættudreifingu sína með þeim hætti að fjárfesta bæði á innlendum og erlendum mörkuðum. Á meðan gjaldyrishöft vara er mikilvægt að stjórnvöld veiti lífeyrissjóðum ríflega og varanlega heimild til fjárfestinga erlendis til að draga úr óvissu og svo hægt sé að stýra fjárfestingastefnu og eignasöfnum með sem bestum hætti.

Eitt af mörgum viðfangsefnum stjórnar, stórnenda og starfsmanna sjóðsins á undanförunum árum hefur verið að vinna úr ýmsum flóknum málum er varða óvissu um uppgjör á eignum sem myndaðist eftir hrun. Þessi uppgjörsmál hafa tekið tíma en þeim er nú öllum lokið. Viðunandi samningar hafa náðst í þessum málum en það er einkum tvennt sem skiptir máli varðandi þessi uppgjör. Í fyrsta lagi er óvissu eytt í ársreikningi sjóðsins varðandi uppgjör þessara mála og er áritun ársreiknings nú eins og í fyrra án ábendingar frá endurskoðanda. Í öðru lagi hefur sjóðurinn getað tekjufært hagnað þar sem uppgjör hafa verið betri en gert var ráð fyrir. Mikilvægt er að þessum málum er nú lokið með góðum árangri fyrir sjóðinn og sjóðfélaga en einhverjir höfðu áður talað með þeim hætti að sjóðurinn ætti eftir að færa eignir enn frekar niður vegna hrunsins, þær úrtöluraddir höfðu ekki rétt fyrir sér.

Ágætu fundargestir,

Góður árangur sjóðsins skiptir máli því mikill fjöldi fólks á hagsmuna að gæta. Lífeyrisgreiðslur hafa aukist jafnt og þétt frá ári til árs. Það gerist hvorttveggja vegna hækkandi aldurs sjóðfélaganna og þá um leið fjölgunar lífeyrisþega, en einnig vegna þess að hver árgangur hefur að jafnaði áunnið sé meiri réttindi en fyrri árgangar. Á liðnu ári greiddi sjóðurinn tæplega tíu og hálfan milljarð í lífeyri til um fjórtán þúsund lífeyrisþega og var aukning lífeyrisgreiðsla 9,4%, eða um 900 milljóna króna hækkun á milli ára. Og ef svo mætti að orði komast þá var Lífeyrissjóður verzlunarmanna einn af stærri launagreiðendum landsins á síðasta ári. Hafa ber í huga að mikill meirihluti sjóðfélaga er enn að byggja upp réttindi sín til lífeyris og því eru inngreidd iðgjöld enn hærri fjárhæð en útgreiddur lífeyrir.

Mikilvægt er að lífeyriskerfið aðlagist breyttu samfélagi og verkefni næstu missera verða umræður um það kerfjandi viðfangsefni sem bíður stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins, lífeyrissjóða sem og sjóðfélaganna:

Hvernig bregðast skuli við hækkandi aldri þjóðarinnar.

Ljóst er að hærri aldur, sem í sjálfum sér er góð tíðindi, veldur því að enn meiri nauðsyn verður á því en nokkru sinni fyrr að lífeyrissjóðir nái góðum árangri, þar sem þeir þurfa að standa undir lífeyrisgreiðslum í lengri tíma en áður. Samfélagið hér hefur þróast með svipuðum hætti og í nágrannalöndunum og er lífaldur nú mun hærri en hann var til að mynda við stofnun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar er gert ráð fyrir því árið 2035 að hlutfall 65 ára og eldri verði yfir 20% mannfjöldans og að árið 2061 verði þetta hlutfall komið yfir 25%. Til samanburðar þá er þetta hlutfall í dag 13,5%.

Hingað til hefur það verið þannig að nýjar töflur um lífslíkur hafa verið teknar með í tryggingafræðilegt uppgjör á nokkra ára fresti en líklegt er að það muni taka breytingum og að í framtíðinni verði spár um lífslíkur notaðar við tryggingafræðilegt uppgjör. Ekki er búið að útfæra nákvæmlega hvernig brugðist verður við hækkandi aldri þjóðarinnar en hugmyndir eru uppi um að hækka eftirlaunaaldur uppí 70 ár yfir langan tíma. Það verður viðfangsefni



stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins, lífeyrissjóða sem og sjóðfélaganna að útfæra með hvaða hætti eftirlaunaaldur verður hækkaður og er ein hugmynd sú að hækkun á eftirlaunaaldri verði einn til tveir mánuðir á hverju ári næstu 24 árin.

Eins og ég kom að áðan þá er Lífeyrissjóður verzlunarmanna tiltölulega vel undir það verkefni búinn að takast á við breyttar lífslíkur þjóðarinnar og veita sjóðfélögum fjárhagslegan stöðuleika við starfslok vegna sterkrar tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins.


Ársskýrsla og ársreikningur fyrir árið 2015 er nú mun ítarlegri en verið hefur og er Lífeyrissjóður verzlunarmanna fyrsti lífeyrissjóðurinn sem birtir ársreikning samkvæmt nýjum ársreikningareglum Fjármálaeftirlitsins. Í ársskýrslunni er m.a. að finna stjórnarháttayfirlýsing, upplýsingar um fjárfestingastefnu sjóðsins, upplýsingar um áhættustýringu sjóðsins og hluthafastefnu svo fátt eitt sé nefnt. Í ársreikningnum eru svo mun ítarlegri skýringar varðandi rekstur sjóðsins sjóðfélögum til upplýsingar. Ástæða er til að nefna þetta hér þar sem þessar upplýsingar eru einn partur af bættum stjórnarháttum en á síðustu árum hefur í vaxandi mæli verið lögð áhersla á góða stjórnarhætti.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur átt samleið með þjóðinni í 60 ár og átt sinn þátt í margþættri jákvæðri þróun sem orðið hefur á samfélaginu. Sjóðurinn hóf strax á fyrsta starfsári sínu að lána sjóðfélögum til íbúðakaupa. Á þeim tíma voru afar litlir möguleikar fyrir almenning að fjármagna íbúðakaup og kom sjóðurinn til móts við brýna þörf sjóðfélaganna. Stjórn sjóðsins samþykkti á síðasta ári umtalsverðar breytingar á kjörum nýrra sjóðfélagalána. Breytingarnar miðuðu að því að auðvelda sjóðfélögum langtímafjármögnun heimilisins og var m.a. veðhlutfall á lánum hækkað í allt að 75%, vextir nýrra verðtryggðra lána með föstum vöxtum voru lækkaðir í 3,6%, lántökukostnaður var lækkaður ásamt því sem sjóðurinn býður nú upp á óverðtryggð íbúðalán. Breytingarnar mæltust strax vel fyrir og af viðbrögðum er ljóst að þær komu vel til móts við þörf sjóðfélaga fyrir fjármögnun heimilisins.

Að lokum:

Hjá sjóðnum hefur ávallt verið unnið af heilindum að verkefnum sjóðsins með hagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Samstarf innan stjórnar og við starfmenn sjóðsins hefur verið gott, farsælt og árangursríkt. Það hefur verið lærdómsríkt en jafnframt krefjandi að sitja í stjórn sjóðsins þar sem viðfangsefnin eru afar ólík, þar sem fjárfestingar og fjárfestingaumhverfi eru eitt en réttindi og réttindaávinnsla annað. Með sanni má segja að 60 ár séu ekki hár aldur lífeyrissjóðs en mikilvægt er að stöðugleiki og hæfileg íhaldssemi ríki um starfsemina þar sem starfsemi lífeyrissjóða er viðkvæm en verkefni mikilvæg. Ég vil þakka starfsmönnum og stjórn fyrir farsælt samstarf á liðnum árum.

Að þessu sögðu fyrir hönd stjórnar óska ég Lífeyrissjóði verzlunarmanna og sjóðfélögum öllum velfarnaðar á komandi árum.



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

# ÁRSFUNDUR

16. MARS

015

# IÐGJÖLD Í M.KR.

|                                | 2014          | 2013          |
|--------------------------------|---------------|---------------|
| Sjóðfélagar                    | 6.879         | 6.384         |
| Launagreiðendur                | 13.358        | 12.505        |
| Framlag v/jöfnunar örorkubyrði | 303           | 295           |
| <b>Samtals</b>                 | <b>20.540</b> | <b>19.184</b> |
| Aukning                        | 7,1%          |               |




# LÍFEYRISGREIÐSLUR Í M.KR.

|                    | 2014         | 2013         |
|--------------------|--------------|--------------|
| Ellilífeyrir       | 6.837        | 6.144        |
| Örorkulífeyrir     | 1.961        | 1.825        |
| Makalífeyrir       | 666          | 625          |
| Barnalífeyrir      | 101          | 100          |
| Séreignargreiðslur | 433          | 334          |
| <b>Samtals</b>     | <b>9.998</b> | <b>9.028</b> |
| Aukning            | 10,7%        |              |



# SKIPTING LÍFEYRISGREIÐSLNA 2014



# FJÖLDI LÍFEYRISÞEGA

|                | 2014          | 2013          |
|----------------|---------------|---------------|
| Ellilífeyrir   | 8.454         | 7.669         |
| Örorkulífeyrir | 2.719         | 2.646         |
| Makalífeyrir   | 1.393         | 1.336         |
| Barnalífeyrir  | 498           | 524           |
| <b>Samtals</b> | <b>13.064</b> | <b>12.175</b> |



# FJÁRFESTINGARTEKJUR Í M.KR.

|   | 2014          | 2013          |
|---|---------------|---------------|
| Skuldabréf                                | 13.618        | 17.677        |
| Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini | 9.259         | 14.585        |
| Erlend verðbréf                           | 20.708        | 8.686         |
| Annað                                     | 2.049         | 1.383         |
| <b>Samtals</b>                            | <b>45.634</b> | <b>42.331</b> |





# RAUNÁVÖXTUN

|   | 2014        | 2013        |
|---|-------------|-------------|
| Skuldabréf                                | 4,7%        | 4,5%        |
| Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini | 10,1%       | 22,3%       |
| Erlend verðbréf                           | 15,3%       | 3,6%        |
| Annað                                     | 5,1%        | 2,2%        |
| <b>Samtals</b>                            | <b>8,7%</b> | <b>6,3%</b> |



# REKSTRARGJÖLD – AÐRAR TEKJUR Í M.KR.

|                                    | 2014 | 2013 |
|------------------------------------|------|------|
| <b>Fjárfestingargjöld</b>          |      |      |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 394  | 359  |
| <b>Rekstrarkostnaður</b>           |      |      |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 396  | 380  |
| <b>Aðrar tekjur</b>                | 81   | 75   |



# REKSTRARKOSTNAÐUR

|   | 2013  | 2013  |
|---|-------|-------|
| Kostnaður í % af eignum, skilgreining FME     | 0,07% | 0,07% |
| Rekstrar- og fjárfestingargjöld í % af eignum | 0,15% | 0,16% |
| Stöðugildi                                    | 32,7  | 32,9  |



# ÞJÓNUSTA VIÐ SJÓÐFÉLAGA

- » Fjöldi launagreiðenda **8.100**
- » Greiðandi sjóðfélagar **48.000**
- » Lífeyrisþegar að meðaltali **12.800**
- » Fjöldi lána til sjóðfélaga **7.800**



# HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS Í M.KR.

|                                 | 2014           | 2013           |
|---------------------------------|----------------|----------------|
| Breyting á hreinni eign á árinu | 55.243         | 51.620         |
| Hrein eign frá fyrra ári        | 453.825        | 402.205        |
| <b>Hrein eign í árslok</b>      | <b>509.068</b> | <b>453.825</b> |




# EFNAHAGSREIKNINGUR Í M.KR.

|                                 | 2014           | 2013           |
|---------------------------------|----------------|----------------|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 245.594        | 200.745        |
| Verðbréf með föstum tekjum      | 212.898        | 191.127        |
| Veðskuldabréf                   | 42.150         | 43.408         |
| Bankainnstæður                  | 5.919          | 29.943         |
| Aðrar eignir                    | 3.217          | 3.070          |
| Skuldir                         | -710           | -14.468        |
| <b>Samtals</b>                  | <b>509.068</b> | <b>453.825</b> |



# SKIPTING EIGNASAFNS 2014



# STAÐA NIÐURFÆRSLU SKULDABRÉFA Í M.KR.

| Sundurliðun á niðurfærslu      | 2014         | 2013          |
|--------------------------------|--------------|---------------|
| Veðskuldabréf                  | 1.801        | 2.264         |
| Skuldabréf banka og sparisjóða | 0            | 3.772         |
| Skuldabréf fyrirtækja          | 0            | 4.742         |
| <b>Samtals</b>                 | <b>1.801</b> | <b>10.778</b> |
| Fært út á árinu                | 8.574        | 1.597         |
| Breyting á niðurfærslu         | -197         | -185          |






# VERÐBRÉFAKAUP Í M.KR.


|                    |               |
|--------------------|---------------|
| Innlend skuldabréf | 44.799        |
| Innlend hlutabréf  | 17.948        |
| Erlend verðbréf    | 6.582         |
| <b>Samtals</b>     | <b>69.329</b> |

# INNLEND SKULDABRÉFAKAUP Í MA.KR.




Skuldabréf eru 50% af eignasafni eða 255 milljarðar

# INNLEND HLUTABRÉFKAUP Í MA.KR.



Hlutabréf eru 19,4% af eignasafni eða 98,9 milljarðar

# ERLEND VERÐBRÉF



Erlend verðbréf eru 28,8% af eignasafni eða 146,7 milljarðar

# ÁVÖXTUN SJÓÐSINS

» Ávöxtun var **9,8%** sem samsvarar **8,7%** raunávöxtun

» Hrein ávöxtun var **9,8%** sem er **8,7%** raunávöxtun

» Meðalraunávöxtun síðustu 5 ára er 5,9%

» Meðalraunávöxtun síðustu 10 ára er 3,1%

» Meðalraunávöxtun síðustu 20 ára er 4,7%



# SÉREIGNARDEILD


- » Iðgjöld **593** milljónir en 476 milljónir árið áður
- » Lífeyrir **433** milljónir en 334 milljónir 2013
- » Heildareignir **9,3** milljarðar en 8,4 milljarðar í árslok 2013
- » Fjöldi með inneignir **42.000**
- » Verðbréfaleið: Nafnávöxtun **9,8%** og raunávöxtun **8,7%**
- » Innlánsleið: Nafnávöxtun **2,6%** og raunávöxtun **1,6%**

# TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA

|                              | 2014  | 2013  |
|------------------------------|-------|-------|
| Heildarstaða ma.kr.          | 39,8  | 6,5   |
| % af heildarskuldbindingum   | 5,1%  | 0,9%  |
| Áfallin staða ma.kr.         | 47,4  | 19,6  |
| % af áföllnum skuldbindingum | 10,3% | 4,6%  |
| Framtíðarstaða ma.kr.        | -7,6  | -13,1 |
| % af framtíðarskuldbindingum | -2,4% | -4,3% |



# ÞRÓUN TRYGGINGAFRÆÐILEGRAR STÖÐU 2010 - 2014





# FJÁRFESTINGARSTEFNA

- » LV er fagfjárfestir
- » Fjárfestingar taka mið af varúðarsjónarmiðum, áhættu og langtímaskuldbindingum sjóðsins
- » Lífeyrisbyrði fer hægfara vaxandi
- » LV getur beitt langtímamarkmiðum við ákvörðun um fjárfestingastefnu



# FJÁRFESTINGARSTEFNA 2015

| Eignaflokkur   | Markmið<br>% | Lágmark<br>% | Hámarg<br>% |
|--|--------------|--------------|-------------|
| Innlán í bönkum og sparisjóðum                                   | 2            | 0            | 10          |
| Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs | 30           | 20           | 45          |
| Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga                               | 5            | 0            | 10          |
| Skuldabréf og vixlar banka og annarra lánastofnana               | 2            | 0            | 10          |
| Fasteignaveðtryggð skuldabréf                                    | 8            | 5            | 20          |
| Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini                        | 20           | 10           | 25          |
| Erlend verðbréf  | 25           | 20           | 40          |
| Skuldabréf fyrirtækja og önnur verðbréf                          | 8            | 0            | 15          |



# FJÁRHAGSÁÆTLUN 2015

## Fjárfestingar

## Ráðstöfun

Sjóðfélagar

5-10%

Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs

25-30%

Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga

0-10%

Skuldabréf lánastofnana

0-15%

Skuldabréf fyrirtækja og önnur verðbréf

15-25%

Innlend hlutabréf

15-25%

Erlend verðbréf

0-5%



---

# TILNEFNINGAR Í STJÓRN 2013 - 2016

- » Stjórn skipuð átta mönnum
- » Fjórir tilnefndir af VR
- » Fjórir af samtökum atvinnurekenda

---

# TILNEFNINGAR VR

## Aðalmenn

Ásta Rut Jónasdóttir

Birgir Már Guðmundsson

Fríður Birna Stefánsdóttir

Páll Örn Líndal

## Varamenn

Benedikt Vilhjálmsson

Heiða Jóna Hauksdóttir

Ívar Alfreð Grétarsson

Auður Árnadóttir

---

# TILNEFNINGAR SAMTAKA ATVINNUREKENDA

## Aðalmenn

Anna G. Sverrisdóttir tilnefnd af SA af fengnu álití VÍ

Benedikt Kristjánsson tilnefndur af KÍ

Guðný Rósa Þorvarðardóttir tilnefnd af Félagi atvinnurekenda

Helgi Magnússon tilnefndur af SI að fengnu álití SA

## Varamenn

Ásta Bjarnadóttir tilnefnd af SA að fengnu álití VÍ

Margrét Sif Hafsteinsdóttir tilnefnd af KÍ

Birgir S. Bjarnason tilnefndur af Félagi atvinnurekenda


Bjarni Már Gylfason tilnefndur af SI að fengnu álití SA



---

# LAUN STJÓRNAR

- » Laun stjórnarmanna eru 146.500 kr. á mánuði
- » Stjórnarformaður fær tvöföld stjórnarlaun
- » Varaformaður fær ein og hálföld stjórnarlaun



LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

# ÁRSFUNDUR

16. MARS

# 015